

Mánudaginn 23. marz 1964.

Nr. 2/1964. **Farmanna- og fiskimannasamband Íslands**
(Ragnar Jónsson hrl.)
gegn
Landssambandi íslenzkra útvegsmanna
vegna Útvegsmannafélags Dalvíkur f. h.
Útgerðarfélags Dalvíkur h. f.
(Guðmundur Ásmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu
dómendur.

Úrskurður um öflun gagna.

Úrskurður:

Áður en dómur verður lagður á mál þetta þykir rétt samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 56. gr. laga nr. 80/1938, að veita aðiljum kost á því að afla ítarlegri gagna og upplýsinga í málinu um eftirtalin atriði:

1. Hverjir voru hásetar á m/s Björgúlfi og m/s Björgvin á sumarsildveiðum 1962? Hvar áttu þeir heima? Í hvaða verklyðs- eða sjómannafélagi voru þeir?
2. Við hvaða kjarasamninga voru kjör þeirra miðuð og eftir hvaða reglum fór útgerð nefndra skipa við reikningsskil til þeirra að lokinni síldarvertíð? Er rétt að leitað sé umsagnar fyrirsvarmanna þeirra verklyðs- eða sjómannafélaga, sem hér eiga hlut að máli, svo og fyrirsvarmanna Útgerðarfélags Dalvíkur h.f. um þessi atriði, og þeir þá jafnframt inntir eftir því, hvort nokkrar sérreglur hafi gilt um hlutaskipti og kjör háseta á bátum yfir 100 rúmlestir nefnda síldarvertíð.

Þá er og rétt, að aflað sé annarra þeirra gagna, er tilfni gefst til, í sambandi við öflun upplýsinga um framangreind atriði.

Ályktarorð:

Framangreindra gagna og upplýsinga skal aflað svo fljótt, sem unnt er.